

Alþingi
Erindi nr. P 136/1308
komudagur 19. 3. 2009

Umsaganaraðili; Einar Guðbjartsson, dósent,

Reykjavík, 18. mars 2009

Umsögn um Þskj. 696 — 411. mál. til laga

um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu
þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.

1. Hvað er „þjóðhagslegt mikilvægt atvinnufyrirtæki“? Mitt mat er það að stjórn eignaumsýslufélagsins eigi EKKI að meta þetta.
 - 1.1. Megin verkefni félagsins er tvíþætt skv. frumvarpinu, annars vegar að ákvarða hvaða atvinnufyrirtæki flokkast sem „þjóðhagsleg mikilvæg“ og hins vegar endurskipulagningin sjálf.
 - 1.2. Það á að vera sérstakt og sjálfstætt verkefni að ákvarða hvaða fyrirtæki eigi að hjálpa og hverju ekki, þ.e. ákvarða hvaða fyrirtæki eru „þjóðhagsleg mikilvæg“, sem á að vera í höndum sérstakrar nefndar. Það á einnig að vera sérstakt og sjálfstætt verkefni að vinna að fjárhagslegri sen og rekstrarlegri endurskipulagningu fyrirtækjanna, sem á að vera í höndum stjórnar eignaumsýslufélagsins.
 - 1.3. Að hafa þessa verkþætti aðskilda stuðlar að góðri stjórnslu. Tel að það eigi að vera sjálfstæð nefnd er ákvarðar hvaða fyrirtæki eru „þjóðhagsleg mikilvæg“ og hafi því möguleika að leita aðstoðar eignaumsýslufélagsins, hægt að nefna þessa nefnd, „yfirtökunefnd“. Þessi nefnd veður að hafa breiða þekkingu á þjóðmálum og ekki vera bundin stjórnsmálaflokkum. Þar sem það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að það er mjög erfitt að skilgreina hvað er „þjóðhagslega mikilvægt“ þá er nú enn brynna að þetta atriði verði í höndum sérstakrar nefndar, en ekki stjórnar eignaumsýslufélagsins.
 - 1.4. Tel einnig að þessi nefnd, „yfirtökunefnd“ eigi að sjá um sölu þeirra félaga sem hafa farið í fjárhagslega- og rekstrarlega endurskipulagningu.
2.
 - 2.1. Vantar öll ákvæði um meðferð á eignarhlut annara. Eiga aðrir eigendur að leggja jafnmikið fjármagn í félag sem fer í fjárhagslega endurskipulagningu eins og

eignaumsýslufélagið, ef njóta þeir einungis góðs af, eiga aðrir eigendur að fá ókeypis ráðgjöf frá ríkinu þ.e. á kostnað skattgreiðenda?

2.2. Hverjum verða boðnir eignarhlutirnir til kaups?

2.3. Verður almenningi gert mögulegt að kaupa eignarhluti gegn góðum greiðsluskilyrðum? Mjög mikilvægt að efla traust almennings á rekstri fyrirtækja aftur og einnig er það mjög mikilvægt að stuðla að enduruppbyggingu hlutabréfamarkaðar á Íslandi. Hér er mögulega hægt að nota þetta tækifæri og stuðla að því.

3. Hvað verður um „hagnaðinn“ sem mögulega myndast í eignaumsýslufélaginu?
4. Stjórn eignaumsýslufélagsins á að vera óháð stjórnmalaflokkum, skipa skal fagfólk í stjórnina.
5. Bæta skal í frumvarpið að mynda skal s.k. *endurskoðunarnefnd* vegna mikilvægis um gagnsæi í þessu eignaumsýslufélagi og að upplýsingarlög gildi um þetta félag. Þetta félag verður „þjóðhagslega mikilvægt“ félag.
6. Tel að Ríkisendurskoðun eigi ekki að hafa fulltrúa því eðli og rekstur Ríkisendurskoðunar er eftirlitsstofnun. Eftirlitsstofnun getur ekki haft eftirlit með sínum eigin fulltrúa, ef svo ber við. Einnig verður stofnunin að vera hafin yfir allan vafa um vanhæfi.
 - 6.1 Tel að „yfirtökunefnd“ eigi að sjá um þennan hluta og senda tillögur sínar til fulltrúa ráðuneytanna beggja, fjármála og viðskipta. Sænska eignaumsýslufélagið, Securum, fékk 24 milljarða sænskra króna í stofnframleg.

Virðingarfyllst,

Einar Guðbjartsson, dósent, við viðskiptafræðideild HÍ
131258-2759